

Skýrsla stjórnar hjúkrunarráðs Landspítala 2004-2005

Skýrsla stjórnar hjúkrunarráðs
Gyða Baldursdóttir formaður
19.10.05.

Þetta starfsár stjórnar hjúkrunarráðs sem nú er senn á enda, hefur verið viðburðarríkt, enda sjaldan sem lognmolla ríkir hér á þessum annars besta spítala í heimi. Vindar hafa blásið, stundum hvassir vindar, eins og gjarnan gerir í fyrirtæki sem þessu, sem hefur marga starfsmenn með ákveðnar skoðanir. Það er að mínu mati eðlilegt og þótt róðurinn geti á stundum orðið erfiður þá sjáum við okkur nú sigla þöndum seglum til nýrra tíma, við sjáum ljós, einhverja skímu sem við í sameiningu höfum látið okkur dreyma um í langan tíma sem er nýr spítali. Meira um þetta síðar.

Stjórn hjúkrunarráðs hefur á síðasta starfsári verið skipuð eftirfarandi hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum auk formanns sem hér stendur:

Lovísu Baldursdóttur varaformanni

Sigrúnu Gunnarsdóttur ritara

Helgu Sturlaugsdóttur öldrunarsviði og nú síðan í ágúst hefur Kristín Hannesdóttir varamaður gegnt starfi aðalmanns

Huldu Bergvinsdóttur fulltrúa endurhæfingarsviðs

Ingu Guðbjartsdóttur fulltrúa skurðlækningasviðs

Sigrúnu Þóroddsdóttur fulltrúa barnasviðs

Guðrúnu S. Ólafsdóttur fulltrúa kvennasviðs

Gunnari Helgasyni fulltrúa svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofusviðs, en hann er nú hættur störfum á LSH og í hans stað er komin Hrönn Árnadóttir

Christer Magnusson fulltrúa hjúkrunarfræðinga sem starfa utan sviða

Kristínu Sigurðardóttur fulltrúa lyflækningasviðs I, hún er nú í barnsburðarleyfi og í hennar stað situr nú Gerður Beta Jóhannsdóttir fyrir lyflækningasvið I

Svandísi Matthíasdóttur fulltrúa lyflækningasviðs II

Kristínu Ólafsdóttur fulltrúa geðsviðs og

Bryndísi Guðjónsdóttur fulltrúa slysa- og bráðasviðs

Stjórnin hefur haldið 15 fundi en til viðbótar hafa formaður og varaformaður hist óformlega vegna einstakra mála. Auk þess hefur formaður setið fundi hjúkrunarforstjóra og sviðsstjóra hjúkrunar vikulega og sótt nokkra stjórnarnefndarfundi.

Að venju hafa verkefni stjórnar verið margvísleg og skal helstu þeirra getið hér.

Á síðasta aðalfundi gat ég þess að stýrihópur um stefnumótun hjúkrunar á göngudeildum sem Anna Stefánsdóttir hjúkrunarforstjóri stofnaði myndi skila tillögum í lok þess árs. Það gerði hann og í nóvember í fyrra og Anna kom síðan á fund stjórnar í febrúar sl. og fór yfir skýrsluna. Í skýrslunni koma fram margar athyglisverðar hugmyndir um eflingu göngudeilda við spítalann. Bregðast þarf við breyttum áherslum í þjónustu spítalans s.s. fækkun legudaga meða því að styrkja göngudeildarþjónustu m.a. til að bæta þjónustu við sjúklinga og draga úr þörf fyrir endurinnlagnir. Anna hefur lagt á það áherslu og stjórn hjúkrunarráðs tekur heils hugar undir það að hjúkrunarfræðingar og ljósmæður séu leiðandi í uppbyggingu göngudeildarþjónustu. Þar þarf

að líta til margra þátta s.s. aukinnar sérhæfingar og menntunar hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. Þá er og lögð áhersla á þverfaglega samvinnu í göngudeildarstarfsemi og að gerð verði þarfagreining meðal ýmissa sjúklingahópa. Ýmsa aðra þætti þarf jafnframt að skoða í þessu samhengi að mati stjórnar s.s. eins og húsnæði, opnunartíma, kostnaðarhlutdeild sjúklinga, samvinnu við heilsugæslu, símaráðgjöf o.fl. o.fl.

Stjórn hjúkrunarráðs er kunnugt um að þegar hefur verið hafist handa við uppbyggingu göngudeilda á ýmsum sviðum og mun sú uppbygging halda áfram í vetur og ber að fagna því. Þá er stjórn einnig kunnugt um að æ algengara er nú en áður að nemar verji einhverju af nematíma sínum í að fylgjast með og taka þátt í göngudeildarstarfseminni. Hjúkrunarfræðingar og ljósmæður sjá í göngudeildarþjónustu ótal tækifæri, þarna er lítt plægður akur. Fyllsta ástæða er til að hvetja alla til að leggja uppbyggingu þessari lið.

Fyrir nokkrum árum hreyfði stjórn hjúkrunarráðs því máli að betur mætti standa að útskriftum sjúklinga af spítalanum og skal það enn gert hér. Útskriftar- og öldrunarteymi var stofnað við spítalann fyrir um ári síðan en meginmarkmið þess eru að samræma útskriftir og undirbúning þeirra, auka gæði í þjónustu, styðja við og fræða starfsfólk bráðadeilda, halda saman upplýsingum og hafa yfirsýn um málefni sjúklings. Stjórn er ljóst að teymið hefur unnið mikið starf við oft mjög erfiðar aðstæður. Nokkur vinna hefur einnig verið í gangi til að kortleggja vinnuferla á spítalanum og mun sú vinna halda áfram í vetur. Stjórn vill við þetta tækifæri minna enn á að hún telur að útskriftaráætlun og samræmdar útskriftarleiðbeiningar fyrir alla sjúklinga verði til bóta, auki þjónustu við sjúklinga, bæti þekkingu þeirra, fækki endurinnlögnum og minnki álag á starfsmenn. Vonast stjórn til að í framhaldi af þeirri vinnu sem nú er í gangi varðandi vinnuferla verði ráðist í það verkefni að bæta útskriftaráætlanir og samræma útskriftir.

Forstjóri leitaði eftir álit hjúkrunarráðs á tillögum að lyfjastefnu LSH. Stjórnin gerði nokkrar athugasemdir við tillögurnar og sendi í byrjun desember sl.

Stjórn hjúkrunarráðs sá ástæðu til að senda forstjóra bréf í byrjun desember sl. þar sem auglýst var eftir forstöðumanni deildar gæðamála og innri endurskoðunar. Stjórnin var sammála um og vildi koma því álit á framfæri að mikilvægt væri að sá sem til starfans yrði ráðinn hefði reynslu og þekkingu af því starfi sem færi fram á sjúkrahúsum og háskólamenntun í heilbrigðisgrein, en það var ekki tekið fram í auglýsingu. Allir vita nú að Magna Birnir var ráðin í starfið, en hún er eins og flestir hér vita sjálfsagt hjúkrunarfræðingur og væntir stjórn mikils af samstarfi við hana, sem þegar er að nokkru hafið.

Þá var í byrjun sumars óskað eftir umsögn og ábendingum hjúkrunarráðs á drögum um reglur um gæðaverkefni í stjórnsýslu á LSH. Stjórn gerði við drögin nokkrar athugasemdir og sendi framkvæmdastjóra lækninga.

Rétt er að benda á að álit, bréf, ályktanir og umsagnir ráðsins eru jafnóðum birtar á vefsíðu þess á vef LSH.

Fyrir ári síðan við sama tækifæri sagði ég einnig frá því að í burðarliðnum væri að stofna atvikanefnd við spítalann. Stjórn hjúkrunarráðs var beðin um að tilnefna í nefndina sl. haust og var Lovísa Baldursdóttir varaformaður stjórnar, sem átt hafði sæti í undirbúningsnefnd að stofnun atvikanefndar, tilnefnd. Það er stjórn hjúkrunarráðs mikið gleðiefni að atvikanefndin

skuli nú loks vera tekin til starfa en hún er hugsuð sem óháður aðili sem hafi það hlutverk að skoða og greina alvarleg atvik sem upp koma á spítalanum og aðstoða við úrvinnslu þeirra og umbætur í samvinnu við stjórnendur. Líta má á stofnun atvikaneftndar sem mikilvægan þátt í þeirri viðleitni að auka öryggi sjúklinga. Skráning atvika hefur batnað til muna, en betur má ef duga skal. Það er afar brýnt að sú ábyrgð sem lögð er á herðar okkur að skrá þau atvik sem verða er mikil og vil ég enn nú hvetja menn til að skorast ekki undan þeirri ábyrgð og skrá eða sjá til þess að skráð séu þau atvik sem upp koma og þeir eru aðilar að. Með bættri skráningu verður hægt að taka vandann fastari tökum og vonandi bæta úr og auka öryggi sjúklinga.

Öryggi sjúklinga er einmitt einn þeirra þátta í rekstri spítalans sem hjúkrunarfræðingar og ljósmæður hafa mjög látið til sín taka. Hjúkrunarráð hélt til að mynda málþing um öryggi og gæði hjúkrunar á LSH fyrir réttum tveimur árum og sendi bréf til framkvæmdastjórnar í lok árs 2003 þar sem það lýsti áhyggjum sínum af því að öryggi sjúklinga væri ógnað. Í ályktun hjúkrunarráðs frá janúar í fyrra er enn fjallað um öryggi sjúklinga og gæði þjónustu og þá í tengslum við sparnaðaraðgerðir auk þess sem varaformaður ráðsins hefur ritað grein í blað hjúkrunarfræðinga um öryggi sjúklinga og haldið fyrirlestra um málið víða. Á því starfsári sem nú er að ljúka hafa bæði forstjóri og hjúkrunarforstjóri setið fundi stjórnar oftast en einu sinni og má segja að þeir fundir hafi verið undirlagðir af áhyggjum stjórnar af öryggi sjúklinga, of mörgum sjúklingum sem liggja á spítalanum og sinnt er af of fáum hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum. Þetta ástand sem við þekkjum öll sem hér erum er óviðunandi. Sjúklingum er stefnt í hættu, öryggi þeirra er ógnað. Þeir liggja víða á göngum deilda, við óviðunandi aðstæður, skort á einrými, hávaða, of mikla birtu, ónæði og fá örugglega ekki eins mikla og e.t.v. ekki þá hjúkrun sem þeir þurfa. Eftirliti með sjúklingum er líka víða ábótavant, að mati hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra vegna skorts á starfsfólki. Þetta er gömul saga og ný og eflaust væri búíð að leysa þetta mál fyrir löngu ef það væri auðleysanlegt sem það er alls ekki.

Ýmsir hafa velt því fyrir sér hvað er til ráða, - ljóst er að bæta þarf flæði sjúklinga frá sjúkrahúsinu, því alltaf liggja á hverjum tíma sjúklingar sem bíða eftir plássu á öðrum stofnunum s.s. hjúkrunarheimilum. Þá má eflaust, eins og áður var komið inn á, bæta vinnu við útskriftir. Það leysir þó ekki skortinn á hjúkrunarfræðingum sem virðist engan endi ætla að taka. Stjórn hjúkrunarráðs hefur margsinnis fjallað um þetta mál á fundum sínum og lausnin er ekki í sjónmáli. Spyrja má hvort Landspítalinn ætti e.t.v. að ráða til sín nokkurn hóp hjúkrunarfræðinga og e.t.v. ljósmæðra, til að mynda 15-20 manns, sem yrðu ekki ráðnir við neina sérstaka deild eða svið, en væru nokkurs konar hjálparveit, sumir segja skjaldmeyjasveit, sem kæmi til hjálpar á ýmsum deildum spítalans þegar sérstaklega illa stendur á t.d. langvarandi skortur, veikindi eða þess háttar. Sveitin, eða hluti hennar, kæmi þá til hjálpar í skamma stund í senn og yrði stjórnað og stýrt af hjúkrunarforstjóra eða einhverjum hlutlausum aðila sem hann fengi til verksins. Þessi skjaldmeyjasveit yrði skipuð vönum hjúkrunarfræðingum og /eða ljósmæðrum sem eru tilbúnir, sumir e.t.v. tímabundið, til þess að ráða sig til sveitarinnar fyrir eitthvað herra kaup en þeir annars fengju. Þetta leysir auðvitað ekki skortinn, því þessi aðferð fjölgar í sjálfu sér ekki hjúkrunarfræðingum eða ljósmæðrum, en hún gæti hjálpað til á ýmsum deildum þar sem langvarandi skortur með tilheyrandi þreytu er farinn að gera vart við sig, auk þess sem hún skorar vana hjúkrunarfræðinga og ljósmæður á hólmi, gefur þeim aukin tækifæri innan spítalans og hver veit nema sveitin gæti laðað að hjúkrunarfræðinga og ljósmæður sem ekki starfa við spítalann nú er vilja takast á við ögrandi verkefni.

Á fundum stjórnar með forstjóra og hjúkrunarforstjóra hafa ýmis mál verið rædd auk þeirra sem áður eru nefnd. Sérstaklega vil ég nefna að í júní sl. ræddum við m.a. um skort á stefnu spítalans, en einnig að starfshætti framkvæmdastjórnar mætti e.t.v. endurskoða. Það er stjórn og væntanlega okkur öllum mikið fagnaðarefni að nú skuli vera búið að stofna stýrinfund um stefnumótun á LSH. Formaður hennar er Már Kristjánsson og hefur hann ásamt fleiri nefndarmönnum verið í sambandi við stjórn hjúkrunarráðs og fyrirhugaður er fundur með stjórnnum lækna- og hjúkrunarráðs í byrjun nóvember. Þetta er einstaklega spennandi verkefni sem stjórnin hlakkar til að fá að taka þátt í. Þá leitaði forstjóri álitis á nokkrum þáttum er snerta starf framkvæmdastjórnar hjá öllum sviðsstjórum og formönnum lækna- og hjúkrunarráðs í lok ágúst. Formaður sendi álit fyrir hönd stjórnar hjúkrunarráðs. Í kjölfar þessa hefur forstjóri sent áðurnefndum aðilum skýrslu um niðurstöðu þessa og dregið ályktanir af þeim. Þar koma fram ýmsar tillögur til breyttra starfshátta sem eflaust verða til bóta og þessu ber að fagna sérstaklega.

Hjúkrunarvikan var haldin í annað sinn í maí sl. Skipulagning hennar var sameiginlegt verkefni fræðslunefndar og stjórnar hjúkrunarráðs. Þar var veggspjaldasýning fyrirferðamest og veit ég að formaður fræðslunefndar gerir þessu betri skil hér á eftir í sinni skýrslu. Þá var einnig haldið málþing um gagnreynda starfshætti í þessari viku auk þess sem hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir höfðu einstaka kynningu á störfum sínum í Indónesíu í kjölfar flóðsins mikla. Þá var auðvitað hugað að heilsufarinu, því stafaganga var kennd í Laugardal og síðast en ekki síst fengu allir hjúkrunarfræðingar og ljósmæður spítalans aðgang að heilsulindinni Laugum í eina viku þeim að kostnaðarlausu. Vikan þótti takast einstaklega vel til og veit ég að fullur hugur er á að gera hana að föstum þætti í starfi LSH. Að baki slíkri viku felst mikill undirbúningur og nánast nauðsynlegt að ætla í þann undirbúning starfskraft í einhvert brot af starfi nokkurn tíma fyrir vikuna. Þau mál munu verða skoðuð í samráði við hjúkrunarforstjóra og hjúkrunarstjórn.

Vikulegir fræðslufundir hófust fyrir um það bil ári og ég veit að formaður fræðslunefndar mun einnig gera þeim skil hér á eftir, en því nefni ég þá hér í mínu máli að hvatningar er þörf meðal okkar til að fá fólk til að sækja fundina, festa þennan dag og tíma, miðvikudag kl:14 í sessi og skiptast á að fara á fundina. Erindin sem haldin hafa verið spanna vítt svið og hver einasti hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir ætti að finna einhvern tímann eitthvað við sitt hæfi.

Á reyklausa daginn þann 31. maí sl. stóð starfsfólk reykleysismeðferðar ásamt starfsmanna-, lækna- og hjúkrunarráði að starfsmannafundi í Hringisal. Þar kom Pétur Heimisson formaður tóbaksvarnarnefndar og flutti erindi. Sagði hann m.a. frá afkastamiklu átaki sem gert hefur verið á Heilsustofnun Austurlands til að gera það að reyklusri stofnun. Í kjölfarið á því kom upp sú hugmynd að formenn hjúkrunar- og læknaarráðs myndu hafa hönd í bagga með skrifstofu starfsmannamála varðandi tillögur um að gera LSH að reyklusri stofnun. Af þessu tilefni voru formenn ráðanna tilkvaddir á fund starfsmanna sem vinna að heilsu- öryggis- og vinnuumhverfismálum á LSH til að ræða þetta verkefni. Ýmsar tillögur hafa verið skoðaðar af starfsmönnum á skrifstofu starfsmannamála og má fastlega gera ráð fyrir að átak í þessum efnum verði gert í vetur sem er einkar ánægjulegt.

Formaður hjúkrunarráðs hefur nokkrum sinnum verið tilkvaddur til að kynna hjúkrun, bæði nám og starf, fyrir bæði grunn- og framhaldskólanemum sem hafa heimsótt spítalans. Það er einstaklega skemmtilegt verkefni en talsvert er um að nemendur sækji til spítalans í starfskynningu. Þá hefur formaður nokkrum sinnum fengið það ánægjulega verkefni að spjalla við nýráðið starfsfólk um samskipti og samvinnu á LSH.

Formaður hefur einnig komið að vinnu með hjúkrunarforstjóra við að skoða og gera ákveðnar breytingar á starfsemi einnar deildar á LSH. Þarna er leitað til formanns sem hlutlauss faglegs ráðgjafa, en einmitt er gert ráð fyrir því í starfsreglum að eitt af hlutverkum hjúkrunarráðs er að vera faglegur ráðgefandi vettvangur fyrir hjúkrunarfræðinga og ljósmæður Landspítala - háskólasjúkrahúss og stjórnendur hans.

Nokkur kurr var á starfsárinu meðal ýmissa starfsmanna spítalans vegna óánægju með yfirstjórn hans. Má segja að sú óánægja hafi náð hæst um sl. páska þegar menn leituðu útrásar fyrir þessa óánægju í fjölmiðlum, einkum dagblöðum og útvarpi sl. vor. Þá gustaði nokkuð hér um veggj stofnunarinnar og ýmis orð voru látin falla. Hjúkrunarráð fór ekki varhluta af þessum kurr og var óskað eftir álitum þess m.a. í útvarpi og víðar. Formaður ráðsins er var til svara byggði á umfjöllun stjórnar, ályktunum, umsögnum og greinargerðum sem stjórn þess hafði samþykkt og látið frá sér, einnig minnugur þess að hafa brýnt fyrir fundarmönnum á sl. aðalfundi að vera sjálfum sér trú og því sem hver og einn stendur fyrir. Það var formanni einkar mikilvægt að stjórnin hafði fjallað um þau mál er til umfjöllunar voru á fundum sínum og gerði honum auðveldara að vera í þeim sporum að vera sá fulltrúi sem hann er kosinn til. Svör formanns virtust þó koma ýmsum í opna skjöldu, orð hans voru mistúlkuð og e.t.v. tekin úr samhengi bæði af fréttamanni og ýmsum þeim sem vildu fremur hlýða á orð fréttamannsins en orð formannsins. Þetta kom stjórn hjúkrunarráðs á óvart því sjónarmið þess hefðu þá átt að vera öllum er áhuga höfðu innan stofnunarinnar kunn, þar sem þau höfðu bæði verði kynnt á fundi sviðsstjóra hjúkrunar og í stjórnarnefnd. Svo langt gengu rangtúlkanirnar að formaður sá sig knúinn til að senda leiðréttingu í Morgunblaðið þar sem hann leiðrétti þann misskilning/mistúlkun, sem kom fram í blaðagrein eins yfirlæknis spítalans, að hjúkrunarráð hefði sent frá sér stuðningsyfirlýsingu við 12 yfirlækna sem sem höfðu þá áður sent frá sér bréf í fjölmiðla. Þar var hallað réttu máli, því það hafði hjúkrunarráð ekki gert. Í þeirri leiðréttingu notaði formaður tækifærið til að hvetja menn til að líta til framtíðar, til eflingar spítalans, öllum til heilla.

Gera má ráð fyrir að í svo stóru fyrirtæki sem LSH er komi alltaf upp annað slagið óánægja með ýmsa þætti í rekstri þess og þá líka með þá sem stjórna. Það þekkja eflaust allir stjórnendur innan þess. Það er því mikilvægt að menn fái farveg innan stofnunarinnar fyrir umkvartanir sínar, á þá sé hlustað og tekið tillit til þeirra. Annars getur illa farið.

Þann 8. apríl sendu síðan þáverandi forstjóri, formaður læknaáráðs og formaður hjúkrunarráðs frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem neikvæð umræða í fjölmiðlum um stjórnun á Landspítala - háskólasjúkrahúsi var hörmuð og tekið fram að mikilvægt væri að almenningur í landinu gæti borið fullt traust til sjúkrahússins bæði hvað varðar þjónustu og stjórnunarhætti. Þá lýstu þau yfir sameiginlegum vilja sínum að vinna markvisst að bættum samskiptum innan sjúkrahússins. Sú vinna er hafin eins og komið hefur fram.

Á aðalfundi hjúkrunarráðs fyrir ári síðan nefndi ég mikilvægi þess að hver einasti hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir gerði sér grein fyrir hversu mikilvægt væri að virða og meta störf hvers annars. Metingur innan hópsins um hvaða starf sé mikilvægast er ekki af hinu góða og grefur undan. Það verða allir að standa sína pligt og ég segi stundum að í samdrætti eins og þeim sem við þekkjum, er næsta víst að öll störf sem hér eru unnin eru ómissandi. Þótt margt hafi áunnist, skilningur aukist á ýmsum sviðum, þurfum við að vinna enn betur í því að skapa liðsheild. Mér er tamt að líkja ýmsu við fótboltalið, enda alin upp á Akranesi, þar sem þú getur bara næstum því flutt ef þú setur þig ekki eitthvað inn í fótboltann. Allir sem koma að einu

fótboltaliði hafa það eitt markmið að vinna leiki,- láta liðið sýna sínar bestu hliðar í leiknum sjálfum. Til þess að það geti orðið þurfa margir að leggjast á eitt. Ekki bara leikmennirnir heldur allt baklandið. Það þarf m.a. að hafa réttu þjálfarana, fjármagn, aðstöðu til að þjálfa, það þarf sjúkrapjálfa og e.t.v. nuddara og svo auðvitað úrvals leikmenn. Við getum sagt hér á spítalanum að markmið okkar sé að sýna okkar besta við aðhlyningu og meðferð sjúklinga okkar. Þar fer okkar leikur fram. Það þarf líka mikið bakland til að það sé hægt. Við þurfum úrvalsfólk, leikmenn til að vera í framlínunni, góða tengiliði, kantmenn en við þurfum líka góða vörn. Það þykir þó ekki góð taktík að pakka í vörnina a.m.k. ekki fyrr en einhver mörk hafa verið skoruð. Þjálfarinn spilar oftast ekki inn á en hann á ekki til heitari ósk en að liðið hans spili vel og skori mörk. Þá skiptir engu hversu hæfur þjálfari hann er í sjálfu sér ef liðið nær ekki að sýna sitt besta. Hans er að velja liðið, það þarf stundum að skipta um stöður, færa menn til, sjá hvar þeir njóta sín best, leyfa þeim að fara á kostum og sýna hvað í þeim býr. Þjálfarinn er líka metinn eftir því hvernig lið hans stendur sig þar sem það á að blómstra þ.e. inni á vellinum. Þannig lít ég einnig á það hér,- þeir sem stjórna fá hrósið sitt í gegnum þá vinnu sem unnin er við aðhlyningu og meðferð sjúklinga. Hvernig þeim líður og reiðir af er okkar mælikvarði. Það þarf að leita að leiðtogum hér, einnig efnilegum leikmönnum, nýta reynslu hinna eldri og finna út hvar menn ná að sýna sitt besta. Látum menn fara á kostum, ekki göllum, allir gera eitthvað vel og höfum svigrúm fyrir mistök. Hvert einasta starf er mikilvægt, hvert einasta okkar hefur ákveðið hlutverk, hvert einasta okkar þarf að beita sér og hafa trú á því að allir séu að gera sitt besta.

Það ánægjulegasta sem bar við á starfsárinu var án efa sá byr sem bygging nýs spítala fékk í seglin. Þann 18. janúar sl. sendu lækna- og hjúkrunarráð frá sér sameiginlega ályktun þar sem fagnað var þeirri ákvörðun ríkisstjórnar að heimila að hönnunarsamkeppni færi fram um byggingu nýs spítala. Sú ályktun var einnig send öllum alþingismönnum. Undirbúningur að hönnunarsamkeppninni var hafinn og stofnuð nefnd til að undirbúa hana. Þar unnu nokkrir starfsmenn spítalans mikið og gott starf og bjuggu m.a. að því starfi sem stýrinefnd um notendavinnu vegna byggingar nýs spítala hafði unnið á síðasta ári. Undirbúningsnefndin bauð m.a. lækna- og hjúkrunarráði á fund og kynnti þeim vinnu nefndarinnar. Hönnunarsamkeppnin var síðan auglýst og nú þann 12. október var niðurstaðan kynnt. Tillögurnar eru til sýnist hér fyrir framan Hringisalinn. Í hádeginu þann 7. september sl. gerðust síðan þau merku tíðindi að heilbrigðisráðherra kom í matsali á Hringbraut og í Fossvogi til að tilkynna starfsmönnum að ríkisstjórnin hefði ákveðið að hluta af söluandvirði Símans yrði varið í uppbyggingu nýs spítala. Af því tilefni stóð starfsmanna-, lækna- og hjúkrunarráð saman að samþykkt starfsmanna sem lesin var upp og afhent ráðherra af þessu tilefni. Þar er áformunum að sjáfsögðu fagnað og ráðherra og ríkisstjórn allri færðar sérstakar þakkir. Ég veit ekki hvort við gerum okkur grein fyrir hve miklir lukkunnar þamfílar við erum að fá að taka þátt í þessu mikla verkefni,- það gerir ekki hver kynslóð, því stöndum við nú frammi fyrir einstakri ákorun.

Í þessu sambandi er gaman að geta þess að hjúkrunarforstjóri óskaði eftir því við formann hjúkrunarráðs að hann sækti ráðstefnu Plantree samtakanna bandarísku sem haldinn var í BNA nú fyrr í mánuðinum. Gerði hann það ásamt 5 öðrum hjúkrunarfræðingum LSH og vil ég við þetta tækifæri færa hjúkrunarforstjóra sérstakar þakkir við að fá að sækja þessa ráðstefnu. Planetree samtökin voru stofnuð 1978 og hafa það m.a. að markmiði að stofnanir hafi heildræna sýn á þarfir sjúklinga og fjölskyldna þeirra. Þannig að sjúklingar upplifi ekki á spítulum að þeir fái þá allra bestu tæknilegu þjónustu sem völ er á, en reynsla þeirra af dvölinni verði að öðru

leyti hörmuleg. Tekið verði jafnt á félagslegum, tilfinningalegum þáttum, fjölskyldan sé tekin með og fái að dvelja hjá sjúklingnum sem mest, umhverfið verði skoðað sérstaklega s.s. litir, myndir, blóm, tónlist, birta, hávaði ofl. ofl. Okkur sem sóttum ráðstefnuna þótti hún mjög athyglisverð og vonumst við til þess að við getum á einhvern hátt komið á framfæri einhverju af því sem við kynntumst þar við hönnun nýs spítala.

Að framansögðu er ljóst að hjúkrunarráð hefur fengist við ýmis mál á starfsárinu. Þau hafa verið margvísleg eins og lífið sjálft. Hjúkrunarráð er að mínu mati að festa sig í sessi og æ fleirum er ljós tilvist þess þó nokkuð skorti enn á meðal hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra að þeir viti hvaða hlutverk það hefur. Það kom m.a. í ljós þegar óskað var eftir framboðum til trúnaðarstarfa í ráðinu. Ýmsar aðferðir hafa verið reyndar til að kynna ráðið og bið ég alla fundarmenn að hjálpa til við það verkefni,- minna á vefsíðu ráðsins á vef spítalans o.fl.

13-1400 hjúkrunarfræðingar og ljósmæður sem ganga í takt geta fengið ýmsu áorkað, geta brotið múra og sannarlega látið til sín taka.

Hjúkrunarráð vill áfram leggja öllum góðum málum lið, vill hjálpa til við að bæta þjónustu við sjúklinga og hjálpa til við að byggja áfram upp úrvalsspítala.

Það er í raun skrytið að standa hér og vera í alvöru að tala um að bygging nýs spítala sé í burðarliðnum,- því fyrir örfáum árum, jafnvel er nær að segja mánuðum fannst manni þetta draumórar einir, - en eins og Halldór Laxness segir í bók sinni Úngur ég var: "...Ef manni þætti ekki alt skrytið í heiminum, á hverri stundu sem lifir, þá væri maður víst búinn að vera. Skrytnastur er maður sjálfur- -og þó ekki leinguren maður heldur áfram að spyrja: hvað næst?"